

Byko ehf.  
Skemmuvegi 2a  
200 Kópavogi

Reykjavík, 11. mars 2022  
UST202104-176/H.I.I.  
07.06.02

### **Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara - Málslok**

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 10.9.2021 með niðurstöðu eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 7 – rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu; 8 – viðarvarnarefni; 14 – nagdýraeitur; 18 – skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21 – gróðurhindrandi vörur, sem Byko ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Þar gerir Umhverfisstofnun kröfu um að fyrirtækið sendi afrit af merkimiðum fyrir 11 vörur ásamt staðfestingu á að bætt hafi verið úr fráviki vegna áþreifanlegrar viðvörunar fyrir vöruna Byko viðarvörn 1 L, sem og staðfestingu á að bætt hafi verið úr fráviki vegna úreltra hættumerkja á vörunni Herregård Maximal Dekkende í litunum Base Gul og Base Oker.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörunar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með sæfivörum sem falla undir vöruflokkana sem taldir eru upp hér að ofan og aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem féllu undir umfang verkefnisins. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Byko ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 39.600,-.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur